









MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030



LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST





FRAMTÍÐARSÝN

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag

LEIÐARLJÓS

Barnið sem virkur þátttakandi

Uppeldi og menntun barna og unglinga er samfélagslegt verkefni og á sér stað bæði með formlegum og óformlegum hætti.

Fagmennska og samstarf í öndvegi

Faglegt samstarf innan og á milli starfsstaða og við stofnanir og aðila í samfélaginu stuðlar að þróun menntunar. Fjölskyldur eru mikilvægir samstarfsaðilar starfsfólks í skóla- og frístundastarfi og deila með því, ábyrgð á menntun og uppeldi barna.

FÉLAGSFÆRNI

Samfélagsleg ábyrgð og virkni

Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Félagfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennnd og leiðtogaþæfni.

SJÁLFSÆFLING

Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu

Sjálfsæfling felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfstjórn og samskiptaþæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu.

LÆSI

Þekking og skilningur á samfélagi og umhverfi

Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýnninn hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákni. Góð læsisfærni á íslensku er lykillinn að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.

SKÖPUN

Skapandi hugur og hönd

Sköpun er margslungið ferli sem í grunninn byggist á forvitni, skapandi og gagnrýnni hugsun en líka á þekkingu, frumkvæði og leikni. Í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir barnið sjálft, næsta umhverfi og/eða samfélagið.

HEILBRIGÐI

Heilbrigður lífsstíll og vellíðan

Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi.

